

Til: Menningar- íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur / Samstarfsnefndar um skíðasvæði

Efni: Staða skíðaskála Ármanns

Eftir töluverðar umræður um slæmt ástand skíðaskála Ármanns, um nokkurt skeið, er vert að lista upp mikilvæg atriði málinu til stuðning og óska eftir að hættulegt ástand skálans sé sérstaklega tekið fyrir á fundi með Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar.

Skíðadeild Ármanns er lang stærsta skíðadeildin í Reykjavík og hefur verið það alla tíð. Síðasta vetur voru yfir 130 iðkendur hjá deildinni, sem er meira en allir iðkendur hinna Reykjavíkurfélaganna samanlagt, og á deildin bæði ólímpíufara og Íslandsmeistara, í karla og kvennaflokkum.

Eins og fyrr segir hefur slæm aðstaða deildarinnar verið í umræðunni um árábil en lítið hefur verið gert til að bæta hana. Skáli félagsins hefur legið undir skemmdum um nokkurt skeið með opnum húsgrunni, brotnum rúðum og bráðabirgðapaki, sem eru hættuleg öllum þeim sem þar fara um.

Neysluvatn er tekið úr áratuga gömlum vatnsdunk sem stendur óvarinn í kjallara hússins þar sem mýs og önnur meindýr eiga greiðan aðgang. Ekkert eftirlit eða mælingar eru á stöðu þess vatns sem þar safnast saman og ekki þarf að spyrja að hættunni sem af því stafar ef eitthvað skildi leka ofan í þennan vatnsdunk. Sama staðan er á frárennsli frá skálanum, klósett endurtekið að stíflast, og fyrir nokkrum árum var staðan sú að yfirflæddi og öll jarðhæð skálans fylltist af skólpi.

Þrátt fyrir þetta slæma ástand þá hefur skálinn verið í stöðugri notkun og gestafjöldi eykst bara með árunum. Skíðadeild Ármanns hefur frá upphafi fengið sama rekstrarstyrk og aðrir skálar félaga á svæðinu þrátt fyrir að þeir skálar séu í mun minni eða engri notkun. Sem dæmi má nefna skála Fram, sem er ekki starfhæfur þar sem engar lyftur eru í grennd við hann og því engir gestir sem sækja hann heim, nema einkaaðilar sem nýta hann fyrir ákveðin tilefni. Í annan stað má nefna að síðasta vetur þegar skíðadeildir fengu að stunda æfingar þá lukuðu aðrar deildir á svæðinu sínum skálum fyrir öðrum gestum en iðkendum. Þegar Skíðadeild Ármanns óskaði eftir að gera slíkt hið sama var ekki hægt að verða við því og vísað í að svæðið gæti ekki verið opið án þess að skáli félagsins væri opinn gestum og gangandi, sem var mjög þungt í miðju COVID m.t.t. allra þeirra takmarkanna sem þurfti að fylgja með tilheyrandi kostnaði – hér er því nokkuð ljóst að aðilar sitja ekki við sama borðið!

Skv. uppfærðri uppbyggingaráætlun skíðasvæðanna frá 8. desember s.l. þá hefur áætlaðri tímasetningu á framkvæmdum við nýja stólalyftu „Gosinn“ á suðursvæði Bláfjalla, sem Skíðaskáli Ármanns stendur við, verið ýtt fram og er nú fyrirhuguð á árunum 2021-2022. Þeirri lyftu er áætlað að stórauka afkastagetu á svæðinu og þrátt fyrir að nú sé ljóst að nýtt klósetthús eigi að rísa á bílplaninu við lyftuna þá er þar mörgum spurningum ósvarað m.a. um aðgengismál, þjónustu ofl.

Að þessu sögðu þá óskum við, forsvarsmenn Skíðadeildar Ármanns, eftir fundi með Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar þar sem farið er yfir ástand skálans og aðstöðu deildarinnar. Að rekstrarstyrkur við skálann verði endurskoðaður, neysluvatn og frárennsli tekið til sérstakrar skoðunnar og opnum húsgrunni vegna viðbyggingar lokað fyrir veturinn.

Sandra Sif Morthens

Formaður Skíðadeildar Ármanns